

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 10. október 2012 í máli nr. S-548/2012:

Ákærvaldið

(Helgi Magnús Gunnarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Gunnari Þorvaldi Andersen og

(Guðjón Ólafur Jónsson hrl.)

Þórarni Má Þorbjörnssyni

(Hilmar Magnússon hrl.)

Með ákæru ríkissaksóknara 19. júlí 2012 er ákærðu gefið að sök brot gegn þagnarskyldu framin í Reykjavík 23. febrúar 2012. Eru brotin talin varða við 1. mgr. 13. gr., sbr. 20. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, sbr. 138. gr. og 136. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að því er ákærða, Gunnar Þorvald Andersen, varðar, en við 1. mgr. 58. gr., sbr. 22. tl. 1. mgr. 112. gr. b laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, að því er ákærða, Þórarinn Má Þorbjörnsson, varðar.

Við þingfestingu málsins 5. september sl. kröfðust ákærðu þess að málinu yrði vísað frá dómi. Var málið flutt um frávísunarkröfuna 2. október sl. og tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi.

Ákærðu, sem í þessum þætti eru varnaraðilar, krefjast þess að málinu verði vísað frá dómi og að sakarkostnaður, þ.m.t. málsvarnarlaun, verði greiddur úr ríkissjóði.

Ríkissaksóknari, sem í þessum þætti er sóknaraðili málsins, krefst þess að frávísunarkröfu varnaraðila verði hafnað.

Varnaraðilar byggja frávísunarkröfu sína á því að sækjandi í málinu, Helgi Magnús Gunnarsson vararíkissaksóknari, hafi verið vanhæfur til meðferðar málsins og útgáfu ákæru. Á grundvelli 5. mgr. 26. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, beri að vísa málinu frá dómi. Vararíkissaksóknari hafi sótt um embætti forstjóra Fjármálaeftirlitsins, sem auglýst hafi verið laust til umsóknar í Lögbirtingablaðinu 11. febrúar 2009. Hafi vararíkissaksóknari og ákærði, Gunnar Þorvaldur Andersen, verið á meðal 19 umsækjenda um stöðuna. Ákærði, Gunnar

Þorvaldur, hafi verið metinn hæfastur umsækjenda í sérstöku hæfnismati er fram hafi farið. Stjórn Fjármálaeftirlitsins hafi síðan ráðið ákærða, Gunnar Þorvald, til starfans. Vararíkissaksóknari hafi þar með lotið í lægra haldi fyrir ákærða í umsókn um þetta starf. Því hagi svo til í máli þessu að sá sem lotið hafi í lægra haldi fyrir ákærða, Gunnari Þorvaldi, sé að gefa út ákæru á hendur ákærða. Samkvæmt g lið, 1. mgr. 6. gr. laga nr. 88/2008, sé dómari vanhæfur til að fara með mál ef fyrir hendi séu atvik eða aðstæður sem með réttu séu til þess fallin að draga óhlutdrægni hans með réttu í efa. Samkvæmt 1. mgr. 26. gr. laganna gilda ákvæði þessi um vanhæfi vararíkissaksóknara. Inntak g-liðar, 1. mgr. 6. gr. laga nr. 88/2008 hafi áður verið skýrt af dómstólum, en sambærilegt ákvæði sé í 5. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 og forvera þeirra laga. Þessum reglum sé ætlað að tryggja það að ákærður maður þurfi ekki að óttast það að ómálefnaleg sjónarmið ráði för og að hann geti treyst því að viðkomandi einstaklingur sé ekki hlutdrægur í málinu. Mannréttindadómstóll Evrópu hafi skýrt þessi ákvæði með vísan til 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Þar hafi verið slegið föstu að líta eigi til tveggja atriða við mat í þessu sambandi. Annars vegar huglægra atriða, sem snúi að því hvort viðkomandi hafi verið óvilhallur í raun, og hins vegar huglægra atriða, sem snúi að sýnileikanum. Aðstæður þurfi því að líta þannig út að ekki megi hlutrænt séð draga óhlutdrægni í efa. Strangar kröfur séu gerðar í þessum efnum. Ákvæði 6. tl., 3. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993, snúi að þessu sama.

Sóknaraðili hefur mótmælt málalíbúnaði varnaraðilja. Vararíkissaksóknari beri engan óvildarhug í garð ákærða, Gunnars Þorvaldar. Margir hafi sótt um stöðu forstjóra Fjármálaeftirlitsins og hafi ákvörðun um ráðningu verið byggð á faglegu mati á umsækjendum. Vararíkissaksóknari hafi hvergi lýst þeirri skoðun sinni að ómálefnalega hafi verið staðið að ráðningunni. Engin dæmi séu úr réttarframkvæmd þar sem sambærileg staða eigi að leiða til vanhæfis þess sem ekki fái stöðu. Atvik þurfi að tengjast með einhverju móti til að vanhæfi sé fyrir að fara. Þannig hátti ekki til í þessu máli.

Niðurstaða:

Svo sem að framan greinir gaf embætti ríkissaksóknara 19. júlí sl. út ákæru á hendur ákærðu fyrir brot gegn þagnarskyldu. Undir ákærana ritar vararíkissaksóknari og sækir hann málið hér fyrir dómi. Þá liggur fyrir að vararíkissaksóknari og ákærði, Gunnar Þorvaldur Andersen, sóttu báðir um embætti forstjóra Fjármálaeftirlitsins í febrúar 2009. Var ákærði, Gunnar Þorvaldur, úr hópi 19 umsækjenda ráðinn til starfans. Að mati dómsins eru hér um alls óskyld atriði að ræða. Sú staðreynd að vararíkissaksóknari sótti einnig um stöðuna getur ekki valdið því að hann verði talinn vanhæfur til meðferðar þess máls sem hér er til meðferðar. Verður kröfu varnaraðila um frávísun málsins frá dómi hafnað.

Símon Sigvaldason héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu varnaraðila, Gunnars Þorvaldar Andersen og Þórarins Más Þorbjörnssonar, um að máli þessu verði vísað frá dómi, er hafnað.

Símon Sigvaldason